

## Starfsreglur

### 1. gr.

Ráðið heitir Foreldraráð Marbakka og er starfandi við leikskólann Marbakka, Marbakkabraut 4, Kópavogi.

### 2. gr.

Ráðið er stofnsett á grundvelli IV. kafla laga nr. 90/2008 um leikskóla (leikskólalaga). Hlutverk ráðsins er að starfa að þeim verkefnum sem því eru falin samkvæmt framangreindum lögum og reglum settar eru á grundvelli þeirra.

Starfsreglur þessar eru settar á grundvelli 1. mgr. 11. gr. leikskólalaga og skulu kynntar á heimasíðu leikskólans, ásamt nöfnum fulltrúa í ráðinu.

### 3. gr.

Í foreldraráði skulu sitja að þrír foreldrar barna á leikskólanum Marbakka. Leitast skal við að í ráðinu séu foreldrar barna á mismunandi aldurstigum þannig að sá möguleiki sé fyrir hendi að minnst einn fulltrúi haldi áfram að starfa í foreldraráðinu næsta ár á eftir til að tryggja samfellu í starfi ráðsins.

Foreldraráð skal starfa eitt skólaár í senn, þ.e. frá 1. október til og með 30. september ár hvert. Kjósa skal foreldraráð við leikskólann Marbakka á foreldrafundi í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Skal leikskólastjóri óska eftir framboðum með tölvupóstsendingum til allra foreldra með leiðbeiningum um hvert skuli tilkynna framboð. Séu fleiri en þrír sem bjóða sig fram skal kosið um fulltrúa í ráðið ellegar er sjálfkjörið.

### 4. gr.

Foreldraráð skal funda eftir þörfum en þó að lágmarki tvisvar hvert starfsár, í fyrra skiptið til að fara yfir skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans og í seinna skiptið til að fylgjast með og meta hvernig þeim hefur verið framfylgt.

### 5. gr.

Foreldraráð starfar með leikskólastjóra og skal vera tengiliður við aðra foreldra. Leikskólastjóri skal upplýsa ráðið um hver þau mál sem snert geta starfsemi skólans. Ráðið skal halda fundargerðir yfir fundi sína og leikskólastjóri skal sjá til þess að þær séu aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

### 6. gr.

Helstu verkefni ráðsins eru að gefa umsagnir um skólanámskrá, skóladagatal og áætlun ársins til leikskólastjóra og nefndar, sem starfrækt er á grundvelli 2. mgr. 4. gr. leikskólalaga. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra ætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum barna á Marbakka.

Þessu til viðbótar hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á starfi leikskólans Marbakka.

Ráðið skal einnig fjalla um ábendingar frá foreldrum og aðrar stórar ákvarðanir sem hafa áhrif á starf leikskólans.

7. gr.

Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar í byrjun hvers skólaárs af nýkjörnu foreldraráði.

Starfsreglur samþykktar á fundi foreldraráðs Marbakka í Kópavogi, 1. febrúar 2010